

Fundargerð 187. Fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 15. ágúst 2024, kl. 08:30 í VM húsinu, Stórhöfða 29.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson formaður, Sigurður Gunnar Benediktsson, Kristmundur Skarphéðinsson, Einar Sveinn Kristjánsson, Gunnar Sigurðsson, Helgi Már Sigurgeirsson, Ingi Bogi Hrafnsson, Einar óskar Friðfinnsson og Valbjörn Jón Höskuldsson

Fjarverandi: Tinna Magnúsdóttir og Pétur Freyr Jónsson

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 186

- Samþykkt að fresta undirritun fundargerðar frá stjórnarfundi nr. 186.

2. Skýrsla formanns og staða kjaramála

Formaður fer yfir skýrslu sína og stöðu kjaramála:

- Ég vil byrja á því að segja ykkur frá því að Örn Friðriksson fyrverandi varaformaður og formaður VM féll frá á þriðjudaginn var.
- Síðasti fundur okkar var 13. júní vorum við í miðri kjarasamningatörn. Skrifað var undir nýja kjarasamninga vegna Orkuveitu Reykjavíkur og undirfyrirtækja, Landsvirkjunar, HS Veitna, Orkubús Vestfjarða, HS Orku og Norðurorku. Voru samningarnir samþykktir með miklum meirihluta.
- Þá var skrifað undir við sveitarfélögin, kaupskipin og ferðaþjónustuna. Voru þeir allir samþykktir. Sveitarfélagssamningurinn og kaupskipasamningurinn voru með innan við 405 þátttöku og um 53% jáum, en ferðaþjónustubátarnir með 54% þátttöku og rúm 70% sögðu já.
- Þá eru eftir: Landhelgisgæslan, Hafrannsókn, Sanddæluskip, Faxaflóahafnir, Breiðarfjarðarferjan Baldur og Herjólfur.
- Einnig er verið að reyna fá fyrir okkur samning við ríkið og Reykjavíkurborg, en þar standa yfir viðræður við RSÍ og MATVÍS. Umræða um stéttarfélagsaðild félagsmanna sem starfa hjá ríkinu.
- Þá hafa verið óvenju mörg einstaklings og starfsmannamál, þung sem óskað hefur verið eftir minni nærveru.
- Við Halldór höfum svo verið á fullu að skipuleggja NMF – þing sem verður haldið eftir helgina. Fulltrúar norrænu félagana koma til landsins núna á mánudaginn svo er fundað þriðjudag og miðvikudag og þeir fara svo á fimmtudeginum.
- Stjórn Styrktar- og sjúkrasjóðs ákvað að setja inn nýjan styrk en það er styrkur vegna andláts barns undir 18 ára að fjárhæð kr. 250.000.-



- Þá vil ég nefna að nýtt orlofshús VM er nú risið á Einarstöðum á Héraði. Húsið stendur á sama stað og eldra hús félagsins sem þar var fyrir. Nýja húsið er 76 fermetrar að stærð með þremur svefnherbergjum. En það var reist í minningu Jóns Ásgeirs Jónssonar sem arfleiddi okkur af íbúð á Grettisgötu.
- Þá vil ég enda þessa yfirferð á því að geta þess að það verður farin ferð eldri félaga núna 27. þessa mánaðar og árlegt golfmót VM verður haldið á Hlíðarvelli þann 30. Ágúst.

3. Fundarplan haust 2024

- Formaður fer yfir tillögu að fundarplani og leggur til mánaðarlega fundi: 12. september, 10. október, 14. nóvember og 19. desember. Ákveðið að færa fundinn í desember til 13. desember. Samþykkt.

4. Skipun í nefndir:

- a. Lífeyrisnefnd: Skipað var í nefndina
- b. Fagnefnd sjómanna: Nokkrir voru tilnefndir en verið er að leita að fleirum. Ákveðið að klára fyrir áramót.

5. Reglur um greiðslu kostnaðar og vinnutap

- Formaður fer yfir drög að reglum um greiðslu kostnaðar vegna ferða fulltrúa VM. Formaður leggur til að stjórnarmenn rýni reglurnar og að þær verði afgreiddar á næsta stjórnarfund. Umræða um ákvæði um vinnutap og ákveðið að útfæra það betur og setja inn taxta o.fl.. Samþykkt.

6. Ráðning: Hagfræðingur í 25% starf v/ fiskiskipa

- Formaður segir frá því að það hafi verið ráðinn hagfræðingur, til að leysa af kjarafulltrúa í kjaradeild sem fór í fæðingarorlof á síðasta ári. Nú er sá kjarafulltrúi að koma til baka í haust og annar kjarafulltrúi að hætta um áramót vegna aldurs. Tillaga um að sá sem var í afleysingum verði í 50% starfi hjá Fagfélögunum, 25% starfi hjá SVG og 25% í VM og myndi sérhæfa sig í launa- og kjaramálum sjómanna á fiskiskipum. Samþykkt að ráða hann í 25% starf hjá VM.

7. Önnur mál

- Formaður segir frá samtali sínu við félagsmann varðandi það að sömu aðilar sitji í stjórn félagsins og stjórn sjúkrasjóðs. Að mati formanns og stjórnarmanna VM felast ekki hagsmunarárekstrar í því fyrirkomulagi. Félagismaður óskaði eftir skriflegu svari við þessu. Formaður mun semja svar og senda á stjórnarmenn til yfirlestrar áður en hann sendir frá sér formlegt svar.
- Formaður segir frá andláti Arnars Friðrikssonar fyrirverandi formanns VM og heiðursfélaga. Umræða um að heiðra hann með andlátstilkynningu á vef VM og að félagið muni láta birta minningargrein um hann.
- Stjórnarmaður ítrekar beiðni um upplýsingar um styrkveitingar úr Akki.



- Umræða um fulltrúaráðsfund. Formaður segir frá því að halda eigi fulltrúarráðsfund í september m.a. til að skipuleggja ASÍ þing.
- Umræða um upplýsingar á heimasíðu VM. Óskað eftir því að settur verður „flipi“ þar sem hægt er nálgast hverjir sitja í Stjórn og nefndir. Formaður ætlar að ýta málinu áfram.
- Óskað eftir að fundargerð aðalfundar VM verði kláruð fyrir næsta stjórnarfund.
- Umræða um að sjómenn á fiskiskipum á Norðurlöndum séu almennt í vélstjórafélögum.
- Tillaga um að gera reiknilíkan til að reikna út laun sjómanna á fiskiskipum.
- Umræða um uppfærslu kjarasamninga. Stefnt að því að klára þá vinnu fyrir áramót. Umræða um tilfærsla á verkefnum o.fl.. Ákveðið að setja fjármagn í að klára vinnu við að uppfæra kjarasamninga.
- Tillaga um að fara í auglýsingaherferð varðandi skilaverð til sjómanna á fiskiskipum fyrir næstu Alþingiskosningar. Samþykkt að keyra auglýsingaherferð fyrir næstu Alþingiskosningar og funda með hverjum þingflokki fyrir sig.

Fleira ekki formlega rætt.

Fundi slitið kl. 11:30

Ákveðið að halda næsta stjórnarfund fimmtudaginn 12. september 2024, kl. 09:30